

## Forsetamerkisleiðarvísir

- 1) Haustið sem þú byrjar í rekkaskátastarfi skaltu útvega þér **forsetamerkisvegabréf**. Skátafélögin geta keypt forsetamerkisvegabréf í Skátabúðinni.
- 2) Byrjaðu á því að **skoða** vegabréfið og lesa leiðbeiningarnar fremst í bókinni.
- 3) Þú getur unnið að persónulegum áskorunum samhliða vegabréfsverkefnunum, bæði í skátastarfi ótengt forsetamerkinu og í hversdagslegu lífi. Öll verkefni í bókinni er hægt að vinna á sama tíma, þ.e. það þarf ekki að klára verkefnaflokkana í ákveðinni röð. **Líttu á vegferðina sem tækifæri til að búa til skemmtilegt rekkaskátastarf.**
- 4) Settu þér **markmið** fyrir rekkaskátastarfið þitt næstu 2-3 árin og skrifaðu þau inn á markmiðablaðsíðurnar.
  - a) Dæmi um markmið:
    - i) **Leiðtogafærni:** Að efla mig sem leiðtoga. *Persónulegar áskoranir:* Foringjastörf í skátasveit, skipulagning dagsferðar í fálkaskátasveitinni, Drekkaskátamótsstjórn, skipulagning félagsútilegu, nemendafélagsstörf í skólanum.
    - ii) **Skapandi hugur:** Að prófa eitthvað nýtt og mynda mér sjálfstæða skoðun. *Persónulegar áskoranir:* Mæta á Skátapijing, foringjastörf, fara út fyrir boxið.
    - iii) **Heimurinn og umhverfið:** Kynnast skátum frá öðrum löndum og reyna á mig úti í náttúrunni. *Persónulegar áskoranir:* Fara á skátamót í útlöndum, eignast pennavini í útlöndum, taka þátt í JOTA/JOTI, fara í fjallgöngur, fara í útilegu í skátaskála.
    - iv) **Tilveran mín:** Að vita hvað ég vil, get og er mér mikilvægt. *Persónulegar áskoranir:* Sýna gildi mín í verki, taka afstöðu í einhverju sem skiptir mig máli, velta fyrir mér tengingu minna eigin gilda við skátaheit og skátalög.
- 5) Skátinn framkvæmir a.m.k. **24 verkefni** ásamt **tveimur stórum sérverkefnum**.
- 6) Í lok vegferðarinnar **endurmetur** þú þau markmið sem þú settir þér í upphafi vegferðarinnar. Skoðaðu hvert markmið sem þú settir þér og veltu fyrir þér hvort þú hafir náð markmiðunum. Mundu að það er í lagi þó þú hafir ekki náð markmiðunum, mestu skiptir vegferðin að markmiðunum.
- 7) Þú færð **umsagnir** frá félagsforingja, sveitarforingja og skátavinum þínum. Gættu þess að gera ráð fyrir dálitlum tíma fyrir þetta skref, það gæti tekið nokkurn tíma að fá umsagnirnar.
- 8) Þú **skilar vegabréfinu** fyrir auglýstan skilafrest og starfsráð BÍS fer yfir vegabréfið og sendir þér boð í forsetamerkisafhengingu á Bessastöðum þegar það hefur samþykkt umsókn þína.

